

Styrkumsóknir til borgarráðs 2018

Tengiliður	Efni	Dags. bréfs	Sótt um kr.	Sótt um áður	Tillaga að styrk	Málsnúmer
Brynja Pétursdóttir	Streen dans einvígið 2018	27.2.2018	250.000	já, hefur fengið styrk undanfarin ár	250.000	R18030031

Umsækjandi (sama og ábyrgðaraðili): Brynja Pétursdóttir f.h. Dans Brynju Péturs

Kennitala: 0310842889

Heimilisfang: Akrasel 26, kjallaraíbúð

Netfang: brynjapeturs@gmail.com

Símanúmer: 8214499

Póstnúmer: 109

Staður: Reykjavík

Hlutverk ábyrgðaraðila: Allt. Sé um viðburðinn frá A-Ö.

Upphæð sem sótt er um: 250.000 kr.

Banki: 357

Höfuðbók: 26

Reikningsnúmer: 410817

Heiti verkefnis: Street dans Einvígið

Lýsing á verkefni:

Street dans Einvígið er eina street danskeppnin á Íslandi sem þjónar öllum þeim dönsurum á framhaldsstigi sem þjálfar hiphop, dancehall, waacking, break, popping, house, top rock og þessa helstu street dansstíla óháð dansskólum og búsetu. Þetta er einhver stærsti viðburður street danssenunnar á ársdagatalinu og sá viðburður sem er í því hlutverki að draga alla saman til að styrkja danssenuna. Keppnin gefur öllum street dönsurum markmið til að vinna að en ungu kynslóðirnar hlakka til að hafa aldur og getu til að geta tekið þátt í Einvíginu einn daginn.

Danskeppnin hefur verið haldin síðan 2012 undir minni stjórn, þetta er ástríðuverkefni og hef ég alltaf komið út í fjárhagslegum mínus en gróði senunnar á þessum viðburði og fólksins innan hennar er ómetanlegur. Við þurfum danskeppni fyrir bestu dansarana til þess að geta byggt áfram þennan kraftmikla menningarkima sem street danssenan er orðin.

Hverjir hafa helst hag af styrknum?

Dansiðkun á Íslandi hefur alltaf verið meira í átt að stelpum en street dansinn nær jafnt til stráka og stelpna. Kynjahlutfall þátttakenda Einvígisins er mjög jafnt, einnig er mikið um nýja Íslendinga sem eru nýflutt til landsins eða hafa búið hér í einhvern tíma og eru enn að læra tungumálið. Það er mikil sameiningarstefna innan street dansins, þar eru allir velkomnir óháð kyni, þjóðerni, trú, litarhætti eða aldri. Það sést á þessum viðburðum, þetta eru frábærir dagar þar sem markmiðið er að allir fái að njóta sín og finna tilgang í því sem þau elska að gera: að dansa.

Hverjir munu vinna að verkefninu?

Ég sé um allt sem tengist keppninni með aðstoð frá hægri höndinni minni, Kristjáni Þór. Dómarar í keppninni eru elstu og reyndustu street dansarar landsins, þær eru allar konur.

Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)

Já, jafnrétti skiptir öllu máli þegar kemur að kyni, þjóðerni, trú, litarhætti, aldri o.s.fr.

Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?

Ég held að fátt sé meira sameiningarafl fyrir unga nýbúa á landinu okkar en street dansinn en ég rek t.d. einhverja vinsælustu frístundaíðkun í Breiðholti þar sem mikið af nemendum af erlendu bergi brotnu æfa hjá okkur. Við erum með nokkuð jafnt hlutfall stráka og stelpna

Í eldri danshópunum sem gefa flotta ímynd af kynjunum að vinna vel saman. Þegar við höldum Einvígið þá gerum við í því að ná til allra þeirra hópa sem eru að dansa street dansstíla á Íslandi, sumir tala ekki íslensku en eru samt með. Innan dans- og kennarahópsins okkar eru dansarar frá Póllandi, Afríku, Portúgal, Rússlandi, Bandaríkjunum, Frakklandi, Rúmeníu og áfram má telja svo það er oftast einhver viðstaddur sem getur þýtt það sem er í gangi.

Mikilvægi þess að hafa alla með og leifa öllum að njóta sín er í raun undirstaða þess sem ég geri, bæði með dansskólann og Street dans Einvígið sem ég er að sækja um styrk fyrir.

Fjármögnun:

Verk- og tímaáætlun verkefnisins:

Danskeppnin er alltaf haldin á haustin, mig grunar að 20. október verði fyrir valinu.

Áætlaðir tekjuliðir og upphæðir

Ég óska eftir 250.000 kr. í styrk.

Áætlaðir útgjaldaliðir og upphæðir

DJ (100.000 kr.) sem þarf að koma að utan vegna hæfniskrafa

**Hér minnst ég ekki á flug og gistikostnað sem mun nema 80.000 kr.

húsaleigu (60.000 kr.)

ljós- og hljóð með tæknimönnum (75.000 kr.)

bikarar (25.000 kr.)

aðstoð (20.000 kr.)

Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Hvaða?

Ég sækji ekki um aðra styrki, Reykjavíkurborg er mín eina von.

Aðrar upplýsingar:

Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?

Ekki þessu verkefni, nei.

Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo, upphæð styrks?

Já, þið hafið styrkt mig árlega með Einvígið frá 2012. Þetta hefur verið 100.000-150.000 kr. styrkur en nú er þetta orðið að svo miklu hámarki á ársdagatalinu hjá danssamfélaginu að ekki er hægt að gefa eftir í gæðum ef þetta á að ganga. Þess vegna er ég að lenda meira og meira í mínus og síðustu tvær keppnir hafa skilið eftir stóran mínus hjá mér fjárhagslega. Það er erfitt að standa undir því vegna þess að allt skipulag og undirbúningur tekur að sjálfsgöðu líka á. Ef þetta samfélag á að halda velli þá þarf það danskeppni fyrir bestu dansarana og þá verð ég að geta staðið undir væntinum með þessa flottu keppni sem þið í Reykjavíkurborg hafið hingað til gert mér kleift að halda.

Annað, myndir frá síðasta Einvígi. Við komum í fréttatíma Stöðvar 2, eins og sl. 2 ár og alltaf er fjallað um keppnina í prent- og / eða skjámiðlum.







Bjarni Þóroddsson

Frá: Brynja Pétursdóttir <brynjapeturs@gmail.com>
Sent: þriðjudagur, 27. febrúar 2018 18:21
Til: Styrkir
Efni: Re: Styrkur fyrir Street dans Einvígið 2018.
Viðhengi: Einvigid 2018.pdf

Flokkar: Gulur flokkur; Yellow Category

Takk fyrir þetta, hér er umsóknin útfyllt.
Hér eru betri myndir frá Einvíginu í fyrra, nokkrar fylgdu með umsókn í frekar lélegum gæðum.

https://www.facebook.com/pg/dansbrynjapeturs/photos/?tab=album&album_id=10155913524383086

Bestu kveðjur,
Brynja

2018-02-27 15:01 GMT+00:00 Styrkir <styrkir@reykjavik.is>:

Sæl,

Viðhengin hafa ollið því að fyrri póstur lenti í ruslhólfinu. Set hérna í viðhengi eyðublað, ef þú sendir það til baka útfyllt ásamt öðru sem þú vilt að fylgi umsókninni getum við komið þessu í farveg.

Kveðja,

Bjarni Þóroddsson
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4702
bjarni.thoroddsson@reykjavik.is

Frá: Brynja Pétursdóttir [mailto:brynjapeturs@gmail.com]

Sent: þriðjudagur, 27. febrúar 2018 14:27

Til: Styrkir <styrkir@reykjavik.is>

Efni: Re: Styrkur fyrir Street dans Einvígið 2018.

Hæhæ,

bara að minna á þetta.

Bestu kveðjur,

Brynja

2018-01-23 15:12 GMT+00:00 Brynja Pétursdóttir <brynjapeturs@gmail.com>:

Góðan daginn,

ég er sein að senda inn umsókn en þið hafið styrkt við danskeppnina okkar Street dans Einvígið síðan 2012. Hún er haldin árlega og er eina street danskeppnin á landinu fyrir dansara á framhaldsstigi. Þetta er mikilvægur partur af dagatali street dansarans þar sem keppt er í hiphop, break, dancehall,

waacking, popping, top rock og frumsömdum atriðum danshópa í hinum ýmsu street dansstílum. Ég held keppnina árlega í október.

Ég óska eftir 250.000 kr. í styrk en hingað til hafið þið styrkt okkur um 150.000 kr.

- 200.000 kr. Kostnaðurinn fer í DJ (100.000 kr.) sem þarf að koma að utan vegna hæfniskrafa, húsaleigu (60.000 kr.), ljós- og hljóð meðtæknimönnum (75.000 kr.), bikara (25.000 kr.) og aðstoð (20.000 kr.). Keppnin er alltaf rekin með tapi en í

fyrri, 2017, endaði ég í nærri 100 þús. króna tapi, þess vegna bið ég um hærri

styrk en það skiptir máli að halda standard svo að keppnin haldi áfram sínu gildi.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir frá danskeppninni í ár.

Bestu kveðjur,

Brynja

www.brynjapeturs.is

--

Bestu kveðjur,

Brynja

www.brynjapeturs.is

--

Bestu kveðjur,

Brynja

www.brynjapeturs.is

